

Skapandi lokaverkefni 2016



Höfundar:

Bryndís María Olsen
Jóhanna Ómarsdóttir
Karen Óskarsdóttir
María Rós Valgeirsdóttir
Steinunn Elísabet Benediksdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Trunt, trunt og tröllin – elsta stig

Viðfangsefni / Námsgreinar	Námsefni / Námsgögn	Hæfniviðmið	Afurð/ námsmat	Tengsl við grunnþætti og lykilhæfni
<p>Íslenskar þjóðsögur kynntar fyrir nemendum. Þeir síðan útfæra sögurnar í leikrit.</p> <p>Samþættar námsgreinar eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Íslenska ○ Leiklist ○ Smíði ○ Textíl 	<ul style="list-style-type: none"> ○ Námsbókin <i>Trunt, trunt og tröllin</i> sem inniheldur 44 íslenskar þjóðsögur. <p>Hægt er að skoða bókina rafrænt á eftirfarandi slóð:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ http://www.nams.is/Namsefni/Valid-namsefni/?productid=0ec545ce-d3e1-44aa-bb5b-bd0c2e1efe95 	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Þekkt íslenskar þjóðsögur. ○ Eflt íslenskan orðaforða. ○ Unnið á skapandi og gangrýnninn hátt, sjálfstætt og með öðrum. ○ Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og tileinkað sér viðeiganda talhraða. ○ Valið milli mismunandi aðferða við sviðsetningu, bæði hvað varðar frásagnarform og leikstíl. ○ Prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í sköpunarferlinu. ○ Skrifað handrit að stuttu leikverki þar sem beitt er grunnreglum við uppsetningu leikhandrits fyrir svið. ○ Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína á markvissan hátt. <p>(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 101-228)</p>	<ul style="list-style-type: none"> ○ Handrit ○ Sviðsmynd ○ Leikstjórn <p>Námsmat er:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Kennaramat þar sem metin er virkni, sjálfstæði og vinna nemenda. 	<p>Grunnþættir</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Sköpun <p>Lykilhæfni</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Sjálfstæði og samvinna ○ Skapandi og gagnrýnin hugsun ○ Tjáning og miðlun. <p>(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 87-95)</p>

Nánari útlitun á kennsluáætluninni „Trunt, trunt og tröllin”.

Þetta samþætta verkefni býður upp á samvinnu smíðakennara, textílkennara, leiklistarkennara og íslenskukennara.

Nemendum er skipt upp í 6-8 manna hópa. Hópastærðir þurfa þó að taka mið af fjölda leikpersóna sem reikna má út frá viðkomandi sögu. Hver hópmeðlimur fær hlutverk og gæti þurft að taka þátt í fleiri en einu hlutverki.

Hlutverkin eru: búningahönnuður, leikstjóri, aðstoðaleikstjórn, handritshöfundar (allir taka þátt í því), sviðsmynd, förðun, tæknimenn, kynnir og leikarar. Alltaf er hægt að bæta við hlutverkum.

Fyrsta skref

Verkefnið getur staðið yfir í 2 mánuði upp í hálf t skólaár, fer allt eftir því hvað kennarar vilja eyða miklum tíma í verkefnið.

Kennarar útskýra verkefnið fyrir nemendum og skiptir þeim í hópa. Kennarar útbýta einni íslenskri þjóðsögu á hvern hóp úr bókinni *Trunt, trunt og tröllin*. Hóparnir lesa söguna og velta fyrir sér möguleikum á uppfærslu. Kennarar benda nemendum á að finna fyrst lykilatriðin í sögunni, reyna síðan að sjá fyrir sér myndir út frá textanum og láta þær lifna við. Kennarar aðstoða eftir þörfum og sjá til þess að allir hópar komist af stað. Nemendur skrifa síðan handrit út frá þeim hugmyndum sem kvikna. Allir hópmeðlimir taka þátt í þessu ferli.

Annað skref

Nemendur koma sér saman um það hver sér um hvaða hlutverk, það er hverjir munu leika, hverjir sjái um sviðsmynd, farða eða hanna búninga, sjái um tæknileg mál ef það þarf og svo framvegis. Yfirllestur handritsins hefs og undirbúning á uppsetningu leikrits. Í framhaldi af því fara búningahönnuðir að ákveða búninga, sviðsmenn hanna leiksvið, leikarar æfa handritið og svo framvegis. Kennarar meta hversu langan tíma nemendur þurfa við þessa vinnu, getur verið allt frá einu sinni í viku upp í fjórum sinnum í viku, allt eftir því hvað kennarar vilja nýta mikinn tíma í verkefnið.

Þriðja skref

Æfingar halda áfram hjá leikarahóp. Hin hlutverkin ættu nú að vera búin með alla undirbúningvinnu og ættu því að geta farið að safna að sér leikmunum og búningum. Ef búa þarf til búninga gæti textílkennarinn aðstoðað við það og sömuleiðis ef smíða þarf leikmynd, gæti smíðakennarinn aðstoðað við það.

Fjórða skref

Allir ættu að vera komnir langt af stað með sín hlutverk og þegar hér er komið er hægt að fara að púsla því saman. Setja upp leiksvið, koma leikurum í búninga og svo framvegis.

Fimmta skref

Sýning: Nemendur sýna leikritin fyrir öðrum nemendum skólans. Leikarar og kynnar þurfa að hafa vandaða framsög í huga. Kynnar sjá um að segja örlítið frá hverju leikriti/sögunni fyrir sig áður en þau eru sýnd.

Heimildir:

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.